


# Ágrip

## Ferðaleiðir að Fjallabaki

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir

Undanfarin ár hafa bifreiðar og fólk verið talið til að fá hugmynd um ferðaleiðir og fjölda gesta á áfangastöðum hér á landi. Byrjað var að telja bifreiðar í Skaftafelli árið 2009 og hefur talningastöðunum fjölgað verulega síðan. Nú eru um 80 teljarar á áfangastöðum ferðamanna víða um land, þar af eru um 30 heilsársteljarar. Á hálendinu er aðeins talið á sumrin. Byrjað var að telja að Fjallabaki árið 2011 og þar eru nú 17 teljarar, 15 bifreiðateljarar (1. mynd) og tveir fólksteljarar, við Kaldaklofskvísl á Laugaveginum og í Eldgjá. Talið er á öllum aðkomuleiðum að Fjallabaki syðra og nyrðra og nokkrum öðrum stöðum á vegum F208 og F210.



1. mynd. Bifreiðateljarar að Fjallabaki.

Nauðsynlegt er að kvarða hvern talningastað fyrir mætingum og tvítalningum vegna mismunandi hraða bifreiða. Kvörðun er bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Þess vegna hafði ekki verið mikið kvarðað að Fjallabaki fyrr en sumarið 2016 að styrkur fékkst til þess úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Kvarðanir eru háðar aðstæðum á hverjum stað, þess vegna þarf að kvarða hvern teljara sérstaklega. Aðstæður á íslenskum hálendisvegum og slóðum eru nokkuð sérstakar, yfirborð vega gróft og óslétt og vegir bugðóttir. Ferðamenn eru misjafnlega

vanir slíkum aðstæðum, innlendir aka gjarnan hratt en flestir erlendir ferðamenn eru óvanir slíkum aðstæðum, og aka því mjög mishratt. Það getur því verið nokkuð erfitt að velja stillingar fyrir teljarana.

Sumarið 2016 voru sjö teljarar kvarðaðir með handtalningu, sex bílateljarar og einn gönguteljari. Við Sólvang var samhliða handtalningunni prófað að nota umferðagreini til að kvarða. Kostir umferðargreinisins umfram handtalningu eru að hægt er að skilja hann eftir í nokkra daga á hverjum áfangastað og hann telur allan sólarhringinn. Þannig fæst kvörðun fyrir mismunandi umferðarþunga þann tíma sem umferðagreinirinn er uppi en ekki einungis á vinnutíma starfsfólks eins og hingað til hefur verið. Með slíkri kvörðun fást því mun meiri gögn og kvörðunin er nákvæmari. Umferðargreininn þarf þó að stilla með handtalningu fyrir hvern stað þegar hann er settur upp, síðan er hægt að skilja hann eftir.

Sumir talningastaðanna eru með það lítilli umferð að erfitt getur reynst að kvarða þá með handtalningu. Starfsmaður getur þurft að sitja lengi við til að fá örfáa punkta til að nota í kvörðunina, að Fjallabaki á það til dæmis við um Langasjó og Álftavatnadrók sem reynt var að kvarða með handtalningu sumarið 2016 með litlum árangri vegna þess hve fáir bílar áttu leið um. Á slíkum stöðum væri hagkvæmara að kvarða með umferðagreininum en einnig fengjust betri gögn.

Þegar teljararnir voru settir upp að Fjallabaki á sínum tíma var stuðst við leiðbeiningar framleiðanda en reynslan undanfarið hefur sýnt að þær eiga ekki við á íslenskum fjallvegum. Ákveðinn grunur var um að stillingar teljaranna væru ekki nógu góðar og finna þyrfti nýja stillingu fyrir þá. Ákveðið var að nota fjóra kvörðunarteljara með mismunandi stillingum á meðan handtalningunni stóð. Allir teljararnir voru því kvarðaðir og þannig var fundinn besta stilling teljarans á hverjum stað. Stillingum þeirra teljara sem þurfti að breyta var breytt eftir kvörðunina. Með því að nota kvörðunarteljarana nýtist kvörðunin bæði fyrir fyrri stillingar og nýjar og betri stillingar teljaranna.

Þegar talið er á áfangastöðum ferðamanna er markmiðið yfirleitt að vita hversu margir gestir heimsækja staðina. Til að fá fjölda fólks frá fjölda bifreiða er nauðsynlegt að þekkja meðalfjölda fólks í hverri bifreið. Meðalfjöldinn ræðst að miklu leyti af hlutfallinu á milli einkabíla og rúta á hverjum áfangastað. Hingað til hefur það verið fundið með því að handtelja einkabíla og rútur á hverjum áfangastað í nokkra daga (Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2015). Á sama hátt og það er dýrt að kvarða teljaranna með handtalningu þá er dýrt að handtelja rútur til að finna hlutfallið á milli rúta og einkabíla. Því var umferðagreinirinn

prófaður til að finna hlutfallið, en auk þess að telja bíla mælir hann hraða þeirra og lengd. Úrvinnslu gagna frá umferðagreininum er ekki lokið en þær niðurstöður sem þegar hafa fengist lofa góðu.

Auk hlutfallsins á milli einkabíla og rúta er nauðsynlegt að þekkja meðalfjölda í bæði einkabílum og rútum. Fjöldi í einkabílum hefur verið talinn í Skaftafelli og einnig er hann þekktur frá skyndikönnunum Vegagerðarinnar víða um land. Hann hefur reynst vera nokkuð jafn, eða um 2,6 í hverjum bíl (bílstjóri og farþegar) (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2015; Vegagerðin, 2008a, 2008b, 2012). Frá fyrri verkefnum er komin nokkuð góð vitneskja um meðalfjölda í rútu á allmörgum stöðum sem nýta má fyrir aðra áfangastaði (Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2015). Því er nú mögulegt að reikna meðalfjölda í bifreið þegar hlutfall milli bifreiðategunda er fundið með umferðagreininum.

Samtímis kvörðuninni við Sólvang hjá Landmannalaugum var settur upp skynjari sem nemur Bluetooth og WiFi í snjalltækjum fólks og í bílum þeirra. Skynjarinn mældi dvalartíma þeirra gesta sem fór inn í Landmannalaugar. Áformað var að nýta þessa tækni einnig til að finna hversu lengi bílar eru að fara á milli áfangastaða að Fjallabaki en horfið var frá því í sumar þótt það væri vissulega áhugavert. Þess í stað var tæknin reynd á Snæfellsnesi í tengslum við uppbyggingu gestastofu þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Þar gafst tækifæri til að mæla hvaðan gestir koma inn í þjóðgarðinn, hvar þeir fara út aftur, hvort þeir fara út og koma aftur næsta dag og hve lengi þeir dvelja í garðinum. Ágætis sýni náðist, eða um 26% bifreiða. Í fyrirlestrinum verður stuttlega brugðið frá Fjallabaki til að segja frá þeim mælingum.

## Heimildir

- Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2015). *Fjöldi gesta í Vatnajökulspjóðgarði*. Reykjavík: Vatnajökulspjóðgarður.
- Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir (2015). *Fjöldi ferðamanna á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi 2014 til 2015*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Vegagerðin (2008a). *Berufjörður*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Vegagerðin (2008b). *Öxnadalur*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Vegagerðin (2012). *Umferðarkönnun: Hringvegur við Reykjabraut*. Reykjavík: Vegagerðin.